



Akureyri, 5. október 2022
2022091352 / 01-301

Efni: Bæjarstjórn Akureyrarbæjar - svarbréf vegna fjárlagafrumvarps 2023

Bæjarstjórn hefur á fundi sínum þann 4.10.2022 gert eftirfarandi bókun:

Umræða um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2023 og áhrif þess á Akureyri og nágrenni.

Málshefjandi var Halla Björk Reynisdóttir.

Í umræðum tóku til máls Hilda Jana Gísladóttir, Sunna Hlín Jóhannesdóttir, Gunnar Líndal Sigurðsson og Heimir Örn Árnason.

Bæjarstjórn telur mikilvægt að tryggja mannréttindi og þjónustu við fatlað fólk og skorar því á ríkisstjórnina að fulljárn magna þjónustuna, en ætla má að hallinn í málaflokknum nemi nú um 12-13 milljörðum króna á landsvísu og að hlutur Akureyrarbæjar verði á árinu sem er að líða rúmar 800 milljónir.

Bæjarstjórn lýsir jafnframt yfir miklum áhyggjum yfir því að til standi að skerða framlög til embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra og að uppsafnaður vandi Sjúkrahúsins á Akureyri sé ekki leystur.

Þá hvetur bæjarstjórnin til þess að lögð verði fram fjármögnuð aðgerðaáætlun sem styðji við svæðisbundið hlutverk Akureyrarbæjar og að aukið fjármagn verði sett í sóknaráætlun landshlutans.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd bæjarstjóra



Elín Dögg Guðjónsdóttir
skjalastjóri